

Engin ögrun, engin glíma

BÆKUR

Dætur hafsins

eftir Súsönnu Svavarsdóttur. 344 bls. JPVútgáfa 2005.

Enn fjölgar spennusögunum í ár. Ein þeirra fjallar öðrum þræði um konur og hjónaband, hömlur og bælingu, gyðjur og glyðrur. Það er bók Súsönnu Svavarsdóttur, Dætur hafsins. Í bókinni segir frá Ragnhildi sem fær minningabækur Herdísar frænku sinnar upp í hendurnar eftir að hún er myrt á hrottalegan hátt. Bækurnar eru skrifaðar til Ragnhildar og reynast geyma eldfimar upplýsingar og fyrr en varir hefst eltingarleikur upp á líf og dauða. Brátt verður Ragnhildur að endurskoða lífshlaup sitt og viðhorf til fjölskyldu og samferðamanna – ekki síst karlmanna. Dætur hafsins er í senn spennubók og einskonar bréfaskáldsaga og felur í sér bæði þroskasögu Ragnhildar og kynlífsferil Herdísar. Saga Ragnhildar er sífellt brotin upp með sögu Herdísar og því er framvindan slitrótt, sérstaklega framan af. Bókin er í heild alltof langdregin og tekur ekki almennilega á sprett fyrir en undir lokin en þá koma öll kurl til grafar.

Þrjátíu ár eru liðin frá kvennafrídeginum fræga, konur fá samt lægri laun en karlar, sinna frekar heimilisstörfum og barnauppeldi og þora varla að kannast við kynveruna og gyðjuna í sér ennpá. Ragnhildur og Herdís eru ólíkar, þær tákna hvor sína kvenlegu og goðmögnuðu hlið sem Herdís talar um í minningabókunum; annars vegar gyðju vefnaðar og spuna og hinsvegar hina villtu og heillandi gyðju mánans eða grísku ástargyðjuna Afródítu. Ragnhildur sýnir hlið móður, eiginkonu og framadrottningar, hún er búin að koma upp börnum og skilja við mann sinn en hefur gert ástina og kynhvötina útlæga úr lífi sínu til að geta haldið öllu í föstum skorðum. Herdís er mánagyðja, kynveran sem nýtur hvers karlmanns sem hún girnist og gefur ást og hjónabandi langt nef. Sú hlið kvenna birtist sjaldan og er jafnan bæld þar sem hún er talin stangast á við hefðbundna samfélags- og fjölskyldugerð. En Herdís er ekki bara virk kynvera heldur kynlífsfíkill sem fórnar fjölskyldulífi og starfsframa fyrir fíkn sína. Í Dætrum hafsins eru langar lýsingar á kynlífsathöfnum hennar og er þeim sennilega ætlað að krydda frásögnina, ögra lesandanum og varpa ljósi á fyrirbærið kynlífsfíkn.

Kynlífslýsingar geta verið erfiðar viðureignar í bókmenntum og því hafa persónur íslenskra skáldsagna mestmegnis. stundað kynlíf sitt í eyðum, milli kafla eða á rósamáli. Í Dætrum hafsins birtist viðleitni til erótískrar dirfsku en tungumálið afhjúpar bæði tepruskap og gamaldags hugmyndir um kynhlutverk og virkar því síður en svo ögrandi á nokkurn hátt. Í tungumálinu búa ýmsar kynlífshindranir, bæði í raunveruleika og skáldskap. Haft er orð á þessu í sögunni, Herdís segir: „Orð eru dónaleg. Orð eins og girnd, losti, gredda, hafa neikvæða merkingu...“ (62). Íslenska býður t.d. ekki upp á neitt almennilegt orð yfir kynfæri kvenna. Orðið píka er prýðisorð en því fylgir neikvæð og niðrandi umræða sem löngu er orðið tímabært að losna undan. Það er ekki gert í þessari bók heldur er notast við „sköp“ sem er yfiringilega tilgerðarlegt og batnar ekki þegar eignarfor nafn bætist við: „Ég var ófær um að hugsa. Ég fann bara að sköp mín voru svo rök og þrútin að mér fannst þau við það að springa. Emori hallaði sér að mér, strauk geirvörtur mínar sem stóðu stinnar út í þunnan silkikjólinn, renndi hendinni niður eftir kvið mínum, eftir lærinu, smeygði henni undir kjólfaldinn og snerti sköp mín. Það hafði

alltaf verið samkomulag á milli okkar að ég gengi ekki í nærfötum þegar ég færi út með honum. Hann vildi geta strokið sköp mín, rennt fingrum sínum inn í mig þegar honum bauð svo við að horfa“ (188). Herdís hefur hvorki vald á eigin líkama né huga í samskiptum við karla. Hún afvegaleiðir hvorki né tælir karlana heldur er sjálf afvegaleidd og tæld. Hún er viljalaust verkfæri í höndum karla og það eru þeir sem eru gerendur í textanum, þeir sýna frumkvæðið og taka af skarið: „Giovanni steig upp úr vatninu með mig í fanginu og lagði mig í grasið...“ (114) ... Hann lagði mig á mjúka dýnu (188), ... Miles mjakaði mér varlega undir hilluna, lyfti upp kjólnum mínum og færði læri mín í sundur...“ (149) Í Dætrum hafsins er hvorki glímt við kynhegðun né kynfrelsi kvenna heldur er hvort tveggja sýnt í hefðbundnu, klisjulegu og karllægu ljósi. Það var einlæg von mín að í erótískri spennusögu um og eftir konu birtist annað sjónarhorn, heyrðist annar tónn og því eru mikil vonbrigði að í bók Súsönnu er hreinlega ekkert gert til að ýta við staðlaðri og rótgróinni ímynd um kynhlutverk og konur sem kynverur. Hér er engin ögrun, engin glíma. Og þótt Herdís missi stundum úr vinnu vegna kynlífsfíknar og hafi ákveðið að giftast ekki er uppreisn hennar gegn gildum samfélagsins og hlutverki kvenna algjörlega saklaus og kynlífsferill hennar vart skrautlegri en gengur og gerist....

Spennusagan í Dætrum hafsins er hefðbundin í byggingu og fléttan ekki sérlega áhugaverð fyrr en undir lokin. Þroskasaga Ragnhildar virkar hinsvegar trúverðug og hún kemst, reyndar ekki klakklaust, út úr sjálfskaparviti gamaldags viðhorfa um kynlíf og karlmenn en það hefði einmitt verið gaman að sjá slíkt gerast með textann sjálfan. Það sem einnig er ágætlega gert í þessari bók er uppgjör Ragnhildar við móður sína og föður sem hún sér loksins í réttu ljósi eftir áratuga beiskju og meðvirkni.

Við lifum á dögum klámvæðingar og kynlífsfirringar. Hætt er við að konur eigi enn eftir að bíta úr nálinni með þá kynímynd sem sköpuð er og viðhaldið m.a. í kvikmyndum, bókmenntum og fjölmiðlum. Í afþreyingariðnaðinum verður kynlíf æ meira áberandi og senurnar sífellt djarfari en enn er það furðu fast í formúlum og klisjum. Nauðsynlegt er að komast undan þessu oki og erótík og kynlífslýsingar sem hluti af söguþræði, táknrænu og persónusköpun fái að blómstra í tepralausum texta og fersku myndmáli. Íslenskar bókmenntir eiga sér litla erótíska hefð en Dætur hafsins leggja fátt nýtt eða frumlegt til þeirrar hefðar, því miður.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>